




# Háteigur



14. árgangur 8. tbl.

28. september 2010

## Göngum í skólann

<http://hateigsskoli.is>

### Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Þegar þetta er ritað er himininn blár og sólin malar heiminn með gula penslinum sínum. Trén rétt bifast svo að lafin blikja eins og stjörnur og gluggar endurvarpa myndum af umhverfi sínu með abstrakt myndum. Á svona dögum er heimurinn fallegur og áhyggjur virðast minni. Það er von mín að þeir tímar sem í hönd fara verði sólríkir til að veða á móti þeim áhyggjum sem sumir kunna að búa við. Við þurfum öll að standa vel í kringum börnin okkar og vinna vel saman til að tryggja þeim góða líðan og gott hlutskipti. Ég hvet því foreldra til að vera í góðri samvinnu við umsjónarkennara barna sinna og skólann. Ég þakka foreldrum fyrir frábærar móttökur á kynningardögum í síðustu viku sem og góðar umræður og fyrirspurnir. Í ár mætti hærra hlutfall foreldra á kynningarnar en áður og fögnum við því.

Allar upplýsingar um aðstæður eða hlutskipti barnanna sem gætu valdið þeim áhyggjum eða stressi er mikilvægt að koma til skólans. Ég hef tekið eftir nokkrum dæmum í haust þar sem foreldrar eða forráðamenn hafa komið til okkar og veitt upplýsingar. Við slíkar aðstæður geta starfsmenn skólans reynt að fylgjast betur með, bæði inni í kennslustundum og úti á skólalóðinni. Ég verð að viðurkenna að mér finnast vera fleiri dæmi um frávik í hegðun í haust en var fyrir ári síðan. Þá á ég helst við þá sem eru viðkvæmir fyrir. Almennt er þó líðan nemenda góð og starfið gengur vel.

Nú förum við að nýta nýja boltagerðið. Það hefur ríkt mikil eftirvænting hjá fótboltafólkinu okkar. Jafnframt hafa tafir á framkvæmdum truflað leik barnanna verulega enda oft á tíðum stórar vinnuvélar á svæðinu. Nú er íþróttanefnd nemendafélagsins að skipuleggja opnunarmót sem verður nú í lok september eða í byrjun október. Þórður hefur þegar skipulagt nýtingu vallarins og mun skipulagið ganga í gildi um leið og völlurinn hefur verið afhentur. Opnunarmót skólans verður svo eftir að flestir eru búnir að sparka eitthvað á vellinum. Kennarar hafa

tekið skólavöllinn til umræðu á stigsfundum og er hugmyndin að virkja börnin í því að sjá fyrir sér hvernig best er að nýta hann. Fyrsta ákvörðun skólastjórnar er að láta fjarlægja litlu mörkin á lóðinni og endurvekja þannig brenniboltavöllinn. Við vonum svo að börnin hjálpi okkur að gera skólavöllinn betri.

Það er ánægjulegt að greina frá því að nú eru 22 nemendur sem kosnir voru í ábyrgðarstöður á vegum nemendafélagsins á námskeiði sem kallað er félagsmál og leiðtogafræðsla og er það á vegum ÍTR. Þetta er spennandi nýjung sem ég vona að muni bjóðast þeim nemendum sem taka að sér verkefni á vegum félagsins framvegis. Skólinn er afar þakklátur ÍTR fyrir þetta frábæra framtak.

Njótum haustsins.

Ásgeir Beinteinsson,  
skólastjóri Háteigsskóla.

### Kynningarfundir

Dagana 10. – 17. september voru haldnir kynningarfundir í Háteigsskóla. Farið var meðal annars yfir skipulag vetrarins, heimavinnu, samvinnu foreldra, samræmdar reglur um útvist og heimboð, nestismál og fleira sem viðkemur skólanum og börnunum ykkar. Handbók foreldra og nemenda var afhent og bekkjarfulltrúar kosnir. Handbókin ásamt öllum bekkjarnámskrám eru komnar á heimasíðu skólans, en bekkjarnámskránnar verða eingöngu prentaðar út fyrir þá sem þessa óska.

### Dúkrista

Þessa fallegu dúkristu gerði Steinunn Ásta Ásgrímsdóttir í 7. bekk undir handleiðslu Láru Gísladóttur, nýja myndmennta-kennarans okkar.



## Frá foreldrafélagi Háteigsskóla

Mánudaginn 20. september var aðalfundur foreldrafélagsins haldinn hér í skólanum. Mæting foreldra var frábær, fyrirlesturinn um internetið mjög fróðlegur og fundargestir ánægðir með hann.

Eftirtaldir foreldrar voru kjörnir í stjórn félagsins: Eydís Njarðardóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Kjartan Valgarðsson og Margrét Halldórsdóttir. Andres Zoran Ivanovic og Þórður Þorkelsson verða áfram í stjórn. Nánari upplýsingar verða birtar á heimasíðunni þegar stjórnin hefur skipt með sér verkum.

## Boltagerði

Mikil gleði ríkir hjá fótboltaáhugafólki hér í skólanum, því búið er að setja upp svokallað boltagerði á lóðinni. Þetta er fótboltavöllur með gervigrasi og er hann girtur af með trégríðingu. Völlurinn er upphitaður og því hægt að nota hann allan ársins hring.

Frá og með mánudeginum 27. september byrjuðum við að nota boltagerðið. Búið er að setja upp skipulag, þannig að allir árgangar fái að nota völinn til skiptis.

Íþróttanefnd nemendafélagsins hyggst síðan standa fyrir fótboltamóti á næstu vikum. Mótið er hugsað til að opna völinn með pomp og prakt.

## Hvatningarverðlaun

Föstudaginn 10. september kom Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, ásamt fríðu föruneyti í heimsókn í Háteigsskóla. Tilgangur heimsóknarinnar var að afhenda starfsmönnum Frístundar hvatningarverðlaun ÍTR fyrir hönnun og gerð búninga í fyrra, þegar Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari og Rannveig B. Þorkelsdóttir leiklistarkennari settu upp óperuna Jörðina með nemendum 1. – 4. bekkjar. Þá hannaði og saumaði Tinna Bjarnadóttir, leiðbeinandi í Frístund, alla búningana í óperunni. Óperan var svo sýnd við glimdrandi undirtektir í Hallgrímskirkju á barnamenningarhátíð í vor.

Verðlaunin eru nú afhent í fyrsta sinn og er markmið þeirra að vekja athygli á því starfi sem fram fer á frístundaheimilunum, veita starfsfólki þeirra hvatningu og stuðla að aukinni nýbreytni og öfluglu þróunarstarfi. Verðlaunin eru rós í hnappgat frístundaheimila sem þau hlýtur, viðurkenning á vel unnu verki í þágu barna og foreldra og staðfesting þess að frístundaheimilið sé fyrirmynd annarra á því sviði sem um ræðir.

Við afhendinguna sungu börnin „Jarðarsönginn“ við mikla hrifningu viðstaddra. Borgarstjóri hélt síðan ræðu við góðar undirtektir barnanna og afhenti því næst Ragnheiði Eyjólfsdóttur, verkefnisstjóra Frístundar og Tinnu Bjarnadóttur, frístundaleiðbeinanda, fallett glerlistaverk eftir Ingu Elínu.

Við óskum öllum innilega til hamingju með þetta merkilega verkefni og síðast en ekki síst börnunum sem við erum afskaplega stolt af.

## Hautferð 8. bekkinga

Föstudaginn 17. september fóru nemendur 8. bekkjar í hautferð með foreldrum sínum. Leiðin lá á Laugaland í Holtum sem er fyrir löngu orðinn vinsæll áfangastaður nemenda skólans.

## Ég bíð

Ég bíð og bíð eftir því rétta,  
þótt það sé bara trú  
hér ég sit og yrki þetta  
og vona að það sért þú  
ef það rétta kemur seinna,  
tilbúinn verð ég þá  
kannski, kannski ert þú þarna  
hinu megin við þessa á.

Eysteinn Aron Halldórsson, 7. bekk

## Menningarmót

Menningarmót var haldið í 7. bekk snemma í september. Þá kynntu allir nemendurnir eitthvað sem þeir höfðu áhuga á eða var þeim kært, eins og til dæmis áhugamál, fjölskyldu, landsvæði. Foreldrar mættu mjög vel og voru afskaplega áhugasamir, en síðan héldu nemendur annað menningarmót þar sem jafnaldrar gátu skoðað hver hjá öðrum. Nokkrar myndir frá menningarmótinu eru komnar á heimasíðuna, en fleiri eru væntanlegar.

Á heimasíðu Borgarbókasafnsins er hægt að lesa sér til um tilgang og skipulag menningarmóta.

## Hvað?

Hver er ég? Hver ert þú?  
Hvað er þetta? Hvað er hitt?  
Hvað er bíll og hvað er bók?  
Vil ég Pepsí? Eða Kók?

Hálfán Hörður Pálsson, 7. bekk

## Frá SAMFOKI

SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, hvetur foreldra til að ganga með börnum sínum í skólann fyrstu skóladagana. Þetta á sérstaklega við um yngstu börnin sem eru að hefja skólagöngu sína. Mikilvægt er að sýna þeim heppilegustu leiðina og kenna þeim á nærumhverfi sitt. Gangan er auk þess skemmtileg og hressandi fyrir alla og gefur foreldrum innsýn í heim barnsins og umhverfi skólans.

SAMFOK vill jafnframt benda foreldrum á að útivistartími barna og unglunga tekur breytingum þann 1. september. Þá mega 12 ára börn og yngri vera úti til klukkan 20.00. 13 til 16 ára unglingar mega vera úti til klukkan 22.00. Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðs-samkomu. Aldur miðast við fæðingarár. Útivistarreglurnar eru í samræmi við barnaverndarlög. Þeim er m.a. ætlað að tryggja nægan svefn en hann er börnum og unglungum nauðsynlegur. Svefnþörfin er einstaklingsbundin en þó má ætla að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi 10 tíma svefn á nóttu. Við viljum árétta að foreldrar geta að sjálfsögðu stýtt útivistartíma barna sinna í samræmi við aðstæður.

## Nökkvi

Nökkvi var strákur sem bátur hét.  
Stundum var skrýtið hvernig hann lét.

Stór, lítill, skiptir ei,  
mjór feitur, nei, nei, nei!

Blár, bleikur, af hverju ekki?  
Mér líður eins og ég sé með hlekki.

Endir lendir þar sem höndin mín bendir.

Nökkvi Helgason, 7. bekk